

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 29. mars 2024, klukkan 11:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Ósk um niðurgreiddar ferðir vegna matarsendinga frá Húsavík.
Hreppsnefnd samþykkir að standa straum af kostnaði er fellur til vegna matarsendinga.
2. Ákvörðun um viðbrögð Tjörneshrepps vegna ágirndar ríkisvaldsins í eyjar og sker sem tilheyra jörðum hreppsins.
Samþykkt er að ráða lögmann til starfa til að sjá um hagsmuni landeigenda í Tjörneshreppi fyrir þá sem það vilja.
3. Samvinnusamningur Norðurþings, Langanesbyggðar, Akureyrarbæjar og Tjörneshrepps vegna barnaverndar – fyrri umræða.
Hreppsnefnd samþykkir samninginn.
4. Ákvörðun um hugsanlega aukningu á hluti Tjörneshrepps í Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps samþykkir að auka hlut hreppsins í Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf. Hluafjár aukning verður greidd með hlutabréfum sveitarfélagsins í Hjörnesi ehf. og stofnfjárbréfum þess í Sparisjóði Suður-Þingeyinga og miðast virði hlutans við bókfært verð í ársreikningi 2023. Skilyrði þess að áfram verði unnið að málinu er að Byggðastofnun komi að félaginu og eigi allt að 39% hlut í því.
5. Tillaga um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá.
Hreppsnefnd mun óska eftir afstöðu landeiganda varðandi framkvæmdaáætlun þessa.
6. Erindi frá Æðarræktarfélagi Norðausturlands.
Lagt fram til kynningar.
7. Snjómokstur í Tjörneshreppi árið 2024.
Hreppsnefnd samþykkir að hafa snjómokstur með sama hætti og undanfarin ár, það er að segja snjómokstur verður á lögbyli í ábúð.
8. Ársreikningur 2023 – fyrri umræða.
Tekjur 2023 – 58.917.976
Gjöld 2023 – 39.917.976
Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi – 23.071.331
Óvenjulegir liðir kostnaður – 11.165.108
Rekstrarniðurstaða – 34.236.439

Eignir 31.12.2023 – 123.182.143
Skuldir 31.12.2023 – 206.943

Fleira ekki gert, fundi slitið 12:18.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Kárason